AA000009 4086
UC SOUTHERN REGIONAL LIBRARY FACILITY

Nasreddin.

Tyrkneskar Sögur.

LIBRARY
UNIVERSITY OF
CALIFORNIA
SAN DIEGO

Digitized by Google

Cat. 7/23/32

THE UNIVERSITY LIBRARY
UNIVERSITY OF CALIFORNIA, SAN DIEGO
LA JOLLA, CALIFORNIA

Digitized by Google



Nasreddin.

Fjörutíu og fimm tyrkneskar kými-sögur.

Þorsteinn Gíslason
þýddi.

Reykjavík.
Prentsmiðja „Frækorna“.
1904.

Digitized by Google

Digitized by Google

SRCF
URL
DC/4669403

Formáli.

Eingar sagnir í þjóðsögum Tyrkja hafa náð annari eins almenningshylli og sagnirnar um Nasreddin Khodja, eða: Nasreddin skólameistara. Öld eftir öld hafa menn skemmt sjer við keskni hans, sjervisku og fyndni, og enn í dag eru sögurnar um hann á hvers manns vörum svo lángt sem tyrknesk túnga nær.

Nasreddin var skólakennari í smábœnum Akschehir í Litluasiu, fœddist þar nálœgt 1360 og liggur þar grafinn. Leiði hans, með minnismerki og múrgirðingu í kring, er enn sýnt þar í kirkjugarði bœjarins.

Í fyrra kom út á dönsku dálitið safn af sögum um Nasreddin skólameistara og hefur tyrkneskur maður, Ali Nouri, sjeð um útgáfuna á því. Þaðan eru þessar sögur teknar.

Þ. G.

Digitized by Google

Digitized by Google

Nasreddin verpir eggjum.

Eins og geingur var mikið um bæjarþvaður meðal kvenfólksins í þorpinu þar sem Nasreddin bjó, og honum til mikillar sorgar var kona sjálfs hans einhver versta kjaftakerlíngin.

Sjálfur var hann mjög fámáll og orðvar. En það dugði ekkert; hún spann upp sögur um allt sem fyrir kom bæði innan húss og utan, og þessu fylgdi auðvitað, að hún var fram úr öllu hófi forvitin.

Einn dag hafði hún verið venju fremur spurul eftir bæjarfrjettum, svo að Nasreddin þótti úr hófi keyra. Hann sagði þá við hana:

Kona, ef þú gætir þagað yfir nokkru, þá skyldi jeg segja þjer sögu.

Geturðu efast um það? þú veist þó vel að jeg er þögul eins og gröfin! svaraði konan.

Ja, ef jeg mætti reiða mig á það . . . . . En jeg veit hreint ekki, hvort eigandi er undir því . . . . sagði Nasreddin.

Digitized by Google

Það er þá eitthvert merkilegt leyndarmál, sagði hún. Og þú þorir ekki að trúa mjer fyrir því! En hvernig ferðu að vera svona tortrygginn, Nasreddin! Jeg sver, að jeg skal ekki segja eitt orð um það!

Nasreddin ljet þó enn leingi vel sem hann þyrði ekki að sleppa við hana leyndarmálinu. En þegar hún hafði svarið og sárt við lagt, að óhætt væri að trúa sjer fyrir þessu, þá gætti Nasreddin nákvæmlega að, hvort einginn stæði á hleri, en trúði henni svo fyrir því, að um morguninn hefði hann eftir harðar fæðingarhríðir verpt eggi, sem hann eftir mikla vafninga sýndi henni og bað hana að geyma.

Kona, mælti hann, jeg reiði mig nú á þagmælsku þína. Ef þetta bærist út, þá yrði jeg að athlægi. Láttu mig nú sjá, að þú kunnir að þegja yfir leyndarmáli! Síðan þrammaði Nasreddin á stað til skólans og beið ekki eftir svari.

Konan sat eftir stundarkorn mállaus af undrun. Þarna var frjett sem sagði sex. Hvað ætli þær Ayscha Kadyn og Fatma Hanem og aðrar skrafsystur hennar segðu ef þær heyrðu þetta? Hún sá, að með þessari sögu gæti hún orðið sálin í öllum skrafkvennahópnum í heila viku.

Digitized by Google

Á stað! A stað! Hún kastaði skýlu yfir höfuðið og hljóp á stað til Ayschu Kadin, næstu nábúakonu sinnar. Nú átti ekki að spilla tímanum; hjer var sigurinn vís.

Ayscha Kadyn hafði nærri mist kaffikönnuna, sem hún hjelt á, — svo íllt varð henni við höggin, sem hurðin fjekk, þegar kona Nasreddins barði að dyrum.

Hver er þar? kallaði hún út.

Ljúktu upp, ljúktu upp! það er jeg! sagði kona Nasreddins og æddi lafmóð inn í húsið.

Heyrðu, besta vinkona, hvað er nú á ferðum? spurði Ayscha Kadin.

Hugsaðu þjer . . . . hvað segirðu um það . . maðurinn minn er farinn að verpa eggjum eins og hæna . . . Hann verpti einu í gær! flýtti kona Nasreddins sjer að segja.

Hvað heyri jeg? sagði Ayscha Kadin. Er þetta satt? Annað eins hef jeg nú aldrei heyrt. Kærasta, besta vinkona, þú verður að segja mjer nánar frá því.

Auðvitað, sæta Ayscha Kadin! sagði kona Nasreddins. En það er leyndarmál, sem hreint ekki má berast út.

Auðvitað, sagði Ayscha Kadin, það er bara okkar

Digitized by Google

í milli! Eins og þú getur skilið fer jeg ekki að . . .

Ja, hvað segirðu um það? Er það ekki ótrúlegt? sagði kona Nasreddins. Jeg hefði aldrei getað trúað því, ef jeg hefði ekki sjeð það með mínum eigin augum. Nú skaltu heyra . . . Eins og þú getur skilið sýndist mjer eitthvað gánga að honum í gær, þó hann segði altaf sjálfur að það væri ekki neitt. En svo í nótt, sjáðu til, þá sagði hann mjer, að hann hefði verpt eggi í gær! Jeg vissi ekki hverju jeg átti að trúa og sofnaði ekki einn dúr alla nóttina. En snemma í morgun varð jeg vör við að hann eingdist sundur og saman. Það var hræðilegt að horfa á það. Og loksins settist hann alveg eins og hæna . . . . alveg eins og hæna . . . . jeg get ekki sannara orð talað . . . . því jeg horfði á það með mínum eigin augum . . . og svo verpti hann þessu eggi . . . . hjerna er það . . . sjáðu til. Ja, er það ekki merkilegt! Hefurðu nokkurntíma heyrt annað eins?

Hún Fatma Hanem verður að fá að heyra þetta, sagði Ayscha Kadyn.

Það vantaði nú ekki annað en að hún heyrði það, kjaftakindin sú! sagði kona Nasreddins. Þetta verður að

Digitized by Google

vera eingaungu okkar í milli; það er leyndarmál! En nú verð jeg að flýta mjer heim áður en maðurinn minn kemur úr skólanum. Seinna í dag finnumst við aftur og þá getum við talað betur um þetta. Nú verð jeg að fara heim.

Seinna í dag . . . svaraði Ayscha Kadyn. Já, en láttu mjer þá ekki bregðast að þú komir . . . . jeg hef ekki frið í mínum beinum fyr en jeg fæ meira að heyra um þetta.

Undir eins og kona Nasreddins var komin út úr dyrunum, kastaði Ayscha Kadyn skýlu um höfuðið og hljóp til Fatmu Hanem. Þegar hún fór þaðan voru egg Nasreddins orðin þrjú, og Fatma Hanem var ekki leingi að bæta því fjórða við.

Sagan var nú í góðum höndum og breiddist út um bæinn eins og logi yfir akur. Hvar sem Nasreddin fór gláptu menn á hann og stúngu saman nefjum; á því sá hann, að sagan mundi nú komin vel á veg og að hún vakti athygli. Hann hafði mikið gaman af þessu, en ljet sem sig grunaði ekkert og var jafnvel enn alvarlegri og hátíðlegri í framgaungu en hann átti að sjer.

Um kvöldið, þegar hann opnaði dyrnar á kaffisölu-

Digitized by Google

húsinu, heyrði hann að nafn hans var nefnt þar inni í sambandi við orðin „að verpa", og hann heyrði að einhver sagði „sjötíu og fjögur egg." Hann kastaði kveðju á gestina með hátíðlegum róm og tók sjer sæti þar sem hann var vanur að sitja. Við komu hans hættu samræðurnar allt í einu, og höfðu þó áður verið fjörugar. En eftir litla stund fóru menn að hvíslast á og hann heyrði aftur orðin „að verpa." Forvitnin var nú auðvitað á hæsta stigi, en enginn þorði að spyrja hann. Sjálfur sat hann þegjandi og virtist vera í þúngum hugsunum. Að lítilli stundu liðinni stóð hann upp og gekk út, fyr en venja hans var, án þess að láta bera á því, að hann hefði veitt hvíslingunum nokkra eftirtekt.

Næstu daga var eggjasagan aðalumræðuefnið í þorpinu og þaðan barst hún fljótt út um landið, en eggjatalan varð stöðugt hærri og hærri. Loks náði hún eyrum soldánsins og hann lángaði þá til að sjá þennan merkilega mann.

Þegar Nasreddin fjekk boð soldáns brosti hann og bjóst skjótt til ferðar. Hann fór í nýan frakka, settist upp á asna sinn og hjelt á stað með sendimanni soldáns áleiðis til höfuðborgarinnar.

Digitized by Google

Þegar hann kom til hallar soldánsins glápti hirðfólkið á hann eins og eitthvert furðuverk, en það heyrði hann út undan sjer, að nú áttu eggin að vera orðin sex hundruð níutíu og níu:

Nasreddin var leiddur fram fyrir soldán og heilsaði honum með mikilli hæversku.

Soldán tók vel kveðju hans og mælti: Fregnirnar um afreksverk þín og hrekkjabrögð hafa borist hingað til hásætis míns. Segðu mjer nú eins og er: Er það satt, að þú hafir verpt sjöhundruð eggjum?

Guð hjálpi okkur, soldán, svaraði Nasreddin. Rjett áðan voru eggin ekki nema sex hundruð níutíu og níu. En nú hefur þú sjálfur orpið í hreiðrið sjöhundraðasta egginu.

Soldán vissi hve mörg eggin áttu að vera, hló og mælti: Nú, jæja, en þessi sex hundruð níutíu og níu? Hvernig stendur á þeim?

Nasreddin sagði nú, til mikillar gleði fyrir soldán og alla hirðina, frá því, hvernig sagan hefði fyrst orðið til og síðan aukist og margfaldast í meðferðinni hjá konu sinni og öðrum kaffikerlíngum. Hann kvaðst í fyrstu hafa skrökvað upp sögunni til þess að hegna konu sinni fyrir forvitni og lausmælgi. Ef

Digitized by Google

sagan hefði reynst sönn, þá mundi sjálfur hann hafa orðið til athlægis frammi fyrir öllum almenníngi, en nú hlyti hún að verða það, undireins og menn heyrðu, hvernig sagan væri til orðin. Hann kvaðst ætla að hún feingi óþægilega móttöku í kaffifjelaginu næst. Þar að auki kvað hann það hafa veitt sjer margar ánægjustundir að taka eftir, hve annt kerlíngarnar hefðu látið sjer um að dubba söguna upp og skreyta hana á ýmsan hátt, og nú yki það enn á ánægju sína, að þetta glettnisbragð silt hefði orðið til þess að skemmta sjálfum soldáninum litla stund.

Soldáni þótti mikið gaman að sögu Nasreddins og lýsti ánægju sinni yfir þessu bragði hans. Hann bauð Nasreddin að dvelja nokkra daga við hirð sína, gjörði þar vel til hans og gaf honum að skilnaði góðar gjafir.

Digitized by Google

Nasreddin og asninn.

Nasreddin hafði ekkert á móti að lána hjá öðrum þegar hann vanhagaði um eitthvað, en sjálfur var hann allt annað en greiðugur þegar hans var leitað.

Einu sinni kom til hans maður og bað um asna hans til láns. Nasreddin hristi höfuðið og svaraði:

Því er nú miður að asninn er ekki heima nú sem stendur, annars hefði það verið velkomið.

Um leið og hann sleppti orðinu fór asninn að hrína á bás sínum þar rjett hjá, og komumaður mælti:

Hvernig ferðu að segja að asninn sje ekki heima meðan hann hrín af öllum kröftum í básnum? Heyrðu til!

En Nasraddin setti upp megnan þykkjusvip og svaraði:

Aðra eins ósvífni hef jeg aldrei heyrt. Hann stendur þar og kallar mig lygara uppí opið geðið á mér! Heimski, ósvífni durgur! leyfir þú þjer að trúa asnanum mínum betur en sjálfum mjer!

Digitized by Google

Að svo mæltu skellti hann hurðinni aftur fyrir nösunum á manninum.

Öðru sinni kom einn af nágrönnum Nasreddins til hans og bað um asnann til láns.

Velkomið frá minni hálfu, svaraði Nasreddin, en jeg verð fyrst að spyrja asnann, hvort hann nenni að fara. Síðan gekk hann út til asnans, kom aftur að vörmu og mælti:

Asninn vill ekki fara. Hann þverneitaði því. Og þegar jeg spurði um ástæðuna, sagði hann: „Það er ekki nóg með það, að þeir berji mig, heldur skamma þeir mig líka, ef þeim fellur ekki við mig, og kalla mig „helvítis asna!“

Digitized by Google

Nasreddin í vandræðum.

Einu sinni gekk Nasreddin inn í annars manns garð og sleit upp mikið af rófum, ljet þær í poka, sem hann hafði með sjer, og ætlaði síðan á stað með þær. En í því kom eigandi garðsins, þreif til hans og spurði byrstur, hvað hann væri þar að gera.

Jeg fauk hingað inn í hvirfilbyl, svaraði Nasreddin.

Svo! En hvar hefur þú slitið upp allar þessar rófur? spurði maðurinn.

Þegar jeg kom niður greip jeg í það sem fyrir hendinni varð, svaraði Nesreddin, en bylurinn var svo sterkur að rófurnar fylgðu með, hvar sem jeg greip niður.

Svo! En hver hefur þá látið þær ofan í pokann? spurði maðurinn.

Ja, það er nú einmitt það sem jeg er að brjóta heilann um, svaraði Nasreddin og virtist mjög hugsandi.

Digitized by Google

Nasreddin flytur sig.

Einn dag sat Nasreddin heima og var í þúngum hugsunum. Kona hans var úti að spjalla við vinkonur sínar og hafði skilið við götudyrnar opnar.

Þjófar nokkrir notuðu þá tækifærið, geingu inn og stúngu á sig öllu því sem þeir fundu þar fjemætt og gátu flutt. Um nærveru Nasreddins skeyttu þeir ekkert, enda horfði hann á þá með mesta kæríngarleysi og skeytti ekkert um, hverju fram fór.

En þegar þeir voru nýfarnir spratt hann upp, tók nokkuð af því sem þeir höfðu skilið eftir, batt það saman í bagga, lagði hann á bakið og hljóp á eftir þjófunum. Þeir geingu heim til sín og lögðu þar frá sjer þýfið. Nasreddin gekk inn á eftir þeim og fleygði sínum böggli hjá hinum, settist síðan niður og ljet sem hann vær heima hjá sjer.

Þjófunum varð hálfbilt við og spurðu, hvað hann hefði þar að gera.

Hvernig getið þið spurt? svaraði Nasreddin. Jeg sem er fluttur híngað!

Digitized by Google

Hjerasúpan.

Einu sinni kom bóndi til Nasreddins og færði honum hjera. Nasreddin þakkaði gjöfina og bauð gestinum upp á súpu. Nokkru síðar kom bóndinn aftur í heimsókn og var þá sett fyrir hann súpa, sem soðin var af hjerabeinunum.

Enn nokkru síðar komu tveir bændur og börðu að dyrum hjá Nasreddin. Hann spurði um erindi þeirra, en þeir kváðust vera í ætt við bóndann, sem fært hefði honum hjerann, og væru nú komnir að gamni sínu til þess að heilsa upp á skólameistarann. Hann tók mjög vingjarnlega á móti þeim, en veitingarnar voru ekki aðrar en ný uppsuðu af hjerabeinunum.

Ekki leið á laungu áður enn komu nokkrir bændur og vildu fá að gamni sínu að heilsa upp á skólameistarann, en kváðust vera í ætt við þá tvo sem áður komu og sagst höfðu væru frændur þess sem kom með hjerann.

Rjett er nú það, svaraði Nasreddin, og bauð þeim inn. Ljet síðan setja fyrir þá fat með vatni.

Digitized by Google

Hvað á þetta að þýða, skólameistari? spurðu þeir.

Það er ný uppsuða af hjerabeinunum, sem frændi frænda ykkar gaf mjer, svaraði Nasreddin og brosti vingjarnlega.

Digitized by Google

Nasreddin finnur forngripi.

Einu sinni lángaði Nasreddin til að eignast jarðhús handa asna sínum og byrjaði sjálfur að grafa. En þá hitti hann fyrir neðanjarðarfjós nábúa síns fullt af kúm. Hann kallaði þá upp til konu sinnar:

Komdu hingað, kona, og flýttu þjer! Jeg hef fundið gamalt fjós sem grafist hefur í jörð fyrir mörghundruð árum, og er fullt af kúm.

Digitized by Google

Frakkarnir.

Einu sinni var Nesreddin boðið í stóra veislu og kom hann þángað í gömlum og gatslitnum frakka. Honum þótti sjer lítill sómi sýndur, kendi frakkanum um, laumaðist heim og klæddi sig í nýan frakka.

Þegar hann kom aftur til veislunnar var tekið á móti honum með mestu kurteisi, menn viku úr vegi og hneigðu sig fyrir honum, og við borðið var matnum ýtt til hans og húsbóndinn valdi honum sjálfur bestu skamtana. Nasreddin tók á móti matnum, en jafnframt því sem hann át mikið, stakk hann öllu því sem best var niður í poka, sem hann hafði hulið undir frakkanum, og sagði um leið: Jettu frakki, jettu! Þessu hjelt hann áfram meðan á máltíðinni stóð.

Þegar henni var lokið gekk húsbóndinn til hans og spurði, hvernig á því stæði, að hann hagaði sjer svo, en Nasreddin svaraði:

Jeg kom hingað fyrst í gamla frakkanum, en einginn vildi þá líta við mjer. En þegar jeg hafði klætt mig í nýa frakkann kom annað hljóð í strokkinn. Það er því ekki jeg heldur frakkinn, sem hjer er veislugestur!

Digitized by Google

Nasreddin og kona hans.

Nasreddin var giftur ekkju og hafði hún, eins og ekkjum er títt, þann vana, að blanda „manninum sínum sálaða“ inn í allt sem hún talaði um.

Einu sinni hafði hún borið á borð heita súpu. Þegar hún ljet upp í sig fyrstu skeiðina brendi hún sig svo að hún tárfelldi, en vildi samt ekki láta á neinu bera.

Maður hennar sá þetta og mælti: Af hverju grætur þú kona?

Jeg græt, svaraði hún, af því að mjer datt í hug, að einmitt þessi súpa var uppáhaldsmatur mannsins míns sálaða. Að svo mæltu ljet hún sem hún ætlaði að halda áfram að borða.

Nasreddin svaraði eingu, en ljet líka upp í sig fyrstu skeiðina og brendi sig auðvitað eins og konan, svo að tárin komu fram í augun á honum.

Hún ljet sem þetta kæmi sjer á óvart og spurði með uppgjörðarmeðaumkun, hversvegna hann grjeti.

Jeg græt af því, svaraði Nasreddin, að drottinn

Digitized by Google

skyldi ekki taka þína örgu sál í staðinn fyrir sál „mannsins þíns sálaða“.

Nasreddin þoldi ekki mótmæli, síst af konu sinni, og, þegar því var að skifta, ljet hann ekkert aftra sjer frá að berja sinn vilja fram.

Einn dag sátu þau hjónin ein heima. Allt í einu sló vindstroka hurðinni upp.

Láttu aftur, kona! sagði Nasreddin.

Þú getur eins gert það sjálfur, svaraði hún.

Um þetta kíttu þau nokkra stund, þar til Nasreddin sagðist ekki tala eitt orð, fyr en dyrunum væri lokað. Síðan svaraði hann henni ekki einu orði. Konan stakk þá upp á, að það af þeim, sem fyr talaði orð þaðan í frá, skyldi loka dyrunum. Nasreddin kinnkaði kolli til samþykkis og síðan sátu þau bæði lángan tíma þegjandi, því hvort um sig bjóst við að hitt mundi rjúfa þögnina og þá væri stríðinu lokið.

Nasreddin var ætíð fámáll og vildi helst vera einn um hugsanir sínar; honum veitti því ljett að þegja. Öðru máli var að gegna um konuna. Til þess að halda túngunni liðugri hugsaði hún sjer þá að fara

Digitized by Google

í heimsókn til nábúakonu sinnar. Dyrnar skildi hún auðvitað eftir opnar.

Þegar hún kom inn til nágrannakonunnar var verið að sjóða þar graut.

Þetta er einmitt uppáhaldsmatur mannsins míns! sagði hún, þegar hún sá grautinn. Og þeim kom saman um að senda Nasreddin einn disk þegar soðið væri.

Nasreddin sat heima á stól sínum og hreifði sig ekki. Dyrnar stóðu alltaf opnar. Þjófar, sem framhjá geingu, feingu laungun til að skyggnast inn. Þar sáu þeir eingan mann annan en Nasreddin, sem sat á stólnum með krosslagðar hendur og stromphúfu á höfði, en hann leit ekki við þeim, svo að þeir hugsuðu að þetta væri málleysingi og fábjáni og tóku að leita eftir einhverju fjemætu. Þeir opnuðu kistu, sem í stofunni stóð, stúngu á sig því sem nýtilegt var í henni, en skildu hitt eftir í hrúgu á gólfinu. Meðal annars fundu þeir gamla stromphúfu og settu hana á höfuð Nasreddins, ofan á þá sem þar var fyrir, og hjeldu svo burt.

Síðan kom vinnukona nábúans inn með grautardisk, heilsaði frá húsmóður sinni og bað skólameist-

Digitized by Google

aranir að forsmá ekki þessa sendingu. En þegar hún sá hvernig umhorfs var í stofunni, varð hún hrædd og spurði, hvað um væri að vera.

Nasreddin sat þegjandi. En til þess að gera stúlkunni skiljanlegt, hvað fram hafði farið þar inni, benti hann með hendinni á innihaldið úr kistunni á gólfinu og síðan á höfuð sjer. Stúlkan skildi ekki hvað hann meinti, en ímyndaði sjer, að hann væri að skipa sjer að hella grautnum á gólfið, en setja svo skálina á höfuðið á honum. Þetta gerði hún og flýtti sjer síðan heim til þess að skýra frá, hvað fyrir sig hefði borið.

Þó kenjar skólameistarans væru öllum kunnir, þá þótti þó saga stúlkunnar næsta undarleg og konu Nasreddins datt í hug, að verið gæti að hann væri orðinn brjálaður. Hún hljóp heim, æddi inn í stofuna með miklu fasi og sagði:

Hvað er það sem hjer geingur á, maður?

Ha, ha, ha! hló Nasreddin. Það varst þá þú sem fyrst talaðir. Láttu nú aftur hurðina; á eftir geturðu feingið að vita, hvað það er sem hjer hefur geingið á.

Digitized by Google

Einu sinni bað kona Nasreddins hann að ná fersku vatni handa sjer að drekka. Hann gerði það og kom með vatnið í skál. En áður hann rjetti henni skálina aðgætti hann vatnið með mikilli nákvæmni. Þegar hún hafði drukkið gerði hann eins.

Konunni fannst nú ekki nema eðlilegt að hann aðgætti vatnið áður en hún drakk, en hún skildi ekki, hversvegna hann gerði það eins á eftir, og spurði hvernig á því stæði.

Það skal jeg segja þjer, svaraði Nasreddin. Þegar jeg rjetti þjer skálina sá jeg þrjá orma í vatninu og ætlaði að vita, hvað af þeim hefði orðið. Nú sje jeg að ekki er nema einn eftir.

Eftir þetta bað konan hann aldrei að sækja sjer vatn.

Eina nótt vakti kona Nasreddins hann, ýtti við honum með olnboganum og sagði: Færðu þig dálítið til, jeg hef ekki nóg pláss!

Rjett er það, svaraði Nasreddin rólega, þá skal jeg færa mig, reis á fætur, tók skó sína og yfirhöfn og gekk út.

Þegar hann hafði geingið til og frá í tvo tíma,

Digitized by Google

settist hann niður. Einn af vinum hans gekk þá þar framhjá og mælti: Því situr þú þar, skólameistari?

Nasreddin sagði honum, hvernig á því stæði og bætti við: Gerðu svo vel og skrepptu heim til konu minnar og spurðu hana, hvort jeg eigi að flytja mig enn leingra burt, eða, hvort jeg sje kominn nógu lángt í þetta sinn.

Einn dag var konan niður við á að þvo þvott, en Nasreddin lá í grasinu á bakkanum. Hún leit eitthvað frá sem snöggvast og á meðan kom hrafn ofan úr trje, tók sápuna og flaug með hana upp í trjeð aftur.

Nasreddin! kallaði konan; hrafninn tók sápuna.

Kærðu þig ekki um það, svaraði Nasreddin. Fötin hans eru skitnari en okkar, svo hann hefur þurft hennar með.

Einu sinni lagðist Nasreddin sjúkur og var svo þungt haldinn að kona hans hugði honum ekki líf. Hann lá þögull og máttvana í rúminu, en hún sat grátandi yfir honum.

En allt í einu bærði hann varirnar og sagði með veikum róm: Hættu nú að gráta, kona; farðu held-

Digitized by Google

ur inn og klæddu þig í bestu fötin sem þú átt til, heingdu á þig alla skrautgripi þína og gerðu þig svo fallega sem þú getur.

Nei. Hvernig getur þjer dottið í hug að jeg hafi skap til þess meðan þú liggur svona veikur? svaraði hún og hjelt áfram að gráta.

Ef þjer þykir vænt um mig, kona, þá láttu þetta eftir mjer, sagði Nasreddin.

Nú fór forvitni hennar að vakna.

Að minnsta kosti verður þú þá fyrst að segja mjer hvernig á því stendur að þú biður um þetta.

Það get jeg vel sagt þjer, svaraði hann, en jeg er hræddur um að þú kunnir þá að reiðast mjer.

Hún lofaði nú hátíðlega að reiðast ekki, en gera bón hans undir eins og hún feingi að vita, hvernig á henni stæði.

Nasreddin mælti þá:

Geturðu ekki skilið það, kona, að ef Esrail dauðaeingill kæmi nú hingað til þess að sækja sál mína og sæi þig hjer hjá mjer fallega og prúðbúna, þá gæti svo farið að hann tæki þína sál, en ljeti mína vera.

Konan hætti þá grátinum.

Digitized by Google

Kápan.

Einn dag hafði kona Nasreddins þvegið kápu hans og heingt hana til þerris út í garðinn. Í myrkrinu um kvöldið sat Nasreddin við gluggann í herbergi sínu og kom auga á kápuna þar sem hún hjekk úti og blakti fyrir vindinum. Hjelt hann þá að þar væri þjófur á ferð að stela ávöxtum, sótti boga sinn, lagði ör á streing og skaut á þjófinn. Í því dimmdi enn meir, svo að hann sá ekki kápuna framar, hjelt þá að þjófurinn hefði flúið og lagðist rólegur til svefns.

Þegar hann vaknaði næsta morgun heyrði hann að kona hans var að bölsótast yfir einhverju úti í garðinum, lauk upp glugganum, leit út og spurði hvað á geingi. Konan tók þá að skamma hann út og sagði að hann hefði skotið gat á kápuna.

Hvernig ferðu að láta svona, kona! kallaði Nasreddin út. Þakkaðu guði fyrir að jeg var ekki sjálfur í kápunni.

Digitized by Google

Að ropa á tyrknesku.

Meðan Nasreddin naut sem mestrar hylli Alaeddins soldáns, var hann eitt sinn sendur í mikilvægum erindagjörðum til Kúrda. Hann tók Imad Mollah, lærisvein sinn, með sjer fyrir skrifara. Höfðingjar Kúrda tóku sendiherra soldáns með mestu virtum og gerðu fyrir hann veislu. Í þeirri veislu var matarlyst Nasreddins svo góð að úr hófi keyrði, og þegar á leið máltíðina rak hann upp lánga og háa ropa.

Á heimleiðinni minntist Imad Mollah á þetta við hann og ljet í ljósi, að sjer hefði þótt það miður vel við eigandi.

Hvað gerir það – innanum tóma ómenntaða Kúrda! svaraði Nasreddin. Dettur þjer í hug að þeir skilji þegar ropað er á tyrknesku?

Digitized by Google

Máninn í Sivrí-Hissan.

Kvöld eitt var Nasreddin staddur í Sivrí-Hissan og sá hvar margir menn stóðu í hóp og horfðu á túnglið, sem þá var nýkviknað og aðeins sást lítil rönd af.

Undarlegt fólk er hjer, mælti Nasreddin. Í Akscehir verður túnglið eins stórt og vagnhjól og þar gefur einginn því gaum. Hjer er það ekki stærra en tannstaungull, og samt glápa allir á það.

Digitized by Google

Nasreddin boðið í veislu.

Einn sinni kom sendimaður til Nasreddins frá vini hans, til þess að bjóða honum í veislu, og bar erindi sitt fram með þessum orðum:

Jeg átti að skila kveðju til Nasreddins kennara, biðja hann að stíga á bak asna sínum og vera velkominn til veislunnar.

Rjett er nú það . . . jeg skal koma með asnann, svaraði Nassreddin; jeg skil . . . jeg skil! En er það brenni eða vatn sem þið þurfið að flytja?

Digitized by Google

Nasreddin kemur fram vilja sínum.

Nasreddin átti stóran uxa, sem var svo breitt í milli horna að maður mátti vel sitja þar. Oft datt honum í hug, að gaman væri að setjast á milli horna uxans, en sá þó jafnframt, að það gæti verið hættuspil.

Einu sinni lá uxinn með augun aftur jórtrandi í sólskininu. Nasreddin fannst sem ekki mundi bjóðfast betra tækifæri, læddist að uxanum og settist milli horna hans. Uxinn spratt þegar á fætur, kastaði byrðinni af sjer og lá nú Nasreddin þar meiddur og illa leikinn. Kona hans hljóp grátandi til og hugði mann sinn dauðan.

Þegar Nasreddin kom til sjálfs sín aftur, leit hann upp og mælti:

Hljóðaðu ekki svona, kona! Reyndar hef jeg meitt mig mikið, en jeg hef komið vilja mínum fram.

Digitized by Google

Nasreddin og túnglið.

Eitt fagurt túnglskinskvöld gekk Nasreddin út að sækja vatn. Hann kínkaði kolli til mánans, sem var kær vinur hans, og lofaði guð fyrir, hve dásamlega hann hefði sjeð jörðinni fyrir birtu. En þegar hann hafði sökkt fötunni í brunninn og laut niður til þess að draga hana upp, þá sá hann túnglið spegla sig í vatninu.

Mikil ósköp! hrópaði hann, máninn er þá dottinn í brunninn! Og hann lofaði Allah að gera hvað hann gæti til þess að bjarga hinum fagra himinlampa. Tók hann þá fötuna af króknum, sökkti honum aftur niður í brunninn og ætlaði að krækja í mánann, en krókurinn festist í steini niðri í brunninum. Hjelt þá Nasreddin að hann væri fastur í túnglinu og togaði í af öllum kröftum, þar til reipið slitnaði. Fjell hann þá aftur á bak, en fjekk um leið auga á túnglinu fyrir ofan sig.

Nei, guði sje lof! þú ert þá þarna! hrópaði hann. Illa gekk það, en upp hafði jeg þig samt!

Digitized by Google

Gestrisnin í Konía.

Nasreddin var mjög sólginn í helva, en það er rjettur, sem Tyrkjum þykir hið mesta sælgæti. Einu sinni var hann á ferð í Konía, gekk framhjá helvabúð og sá að einginn var þar inni, en á borðinu stóð opið fat með sælgætinu. Hann gekk þá inn og tók til snæðings.

Rjett á eftir kom eigandinn og sá hvar Nasreddin stóð jetandi, þreif prik og tók að lemja á gestinum. En Nasreddin skeytti því eingu, herti sig að jeta og mælti:

Þess þarf ekki, vinur minn! þess þarf ekki! Jeg skal jeta án þess þú berjir mig til þess!

Húsráðanda þótti þetta einkennilegur gestur, hjelt að hann gæti naumast verið með öllum mjalla, hætti að berja hann og lofaði honum að jeta í næði. Þegar Nasreddin var fullsaddur, bað hann um vatn að drekka, kvaddi síðan húsráðanda með hinni mestu hæversku og gekk út.

Þegar hann kom heim og sagði ferðasögu sína,

Digitized by Google

hrósaði hann bænum Konía sjerstaklega. Það er ágætis bær, mælti hann; merkilegur bær! þar er gestrisnin svo mikil að menn eru barðir til að jeta helva.

Digitized by Google

Nasreddin og Gyðingurinn.

Kvöld eitt sat Nasreddin í garði sínum hryggur í huga og hugsaði um framtíð sína. Hann hafði nýlega misst asna sinn og saknaði hans mjög, en vantaði peninga til þess að kaupa annan í hans stað. Þar við bættist að frakki hans var orðinn svo gamall og slitinn að nærri var skömm að sýna sig í honum. En án frakka gat Nasreddin ekki verið.

Nú sat hann þar og hugsaði fram og aftur, en fann ekkert ráð. Loks rjeð hann af að tjá drottni neyð sína, og var hann þó ekki vanur að gera það fyr en öll önnur úrræði voru þrotin. En þegar hann sneri sjer til drottins, þá heimtaði hann líka að bænum sínum væri fullnægt út í ystu æsar.

Ó, Allah! mælti hann, drottinn minn og guð minn. Sjá, jeg kem til þín og bið um eitt vesælt hundrað af gullpeningum. En hundrað verða þeir að vera, því vanti einn einasta, þá tek jeg ekki við þeim!

Í næsta húsi við Nasreddin bjó ríkur gyðingur, sem oft hafði orðið að kenna á ertni hans og háði.

Digitized by Google

Hann sat hinumegin múrsins og heyrði bænina. Honum datt þá í hug að reyna nábúa sinn, sótti níutíu og níu gullpeninga og kastaði þeim um náttina yfir múrinn og inn í garð Nasreddins.

Næsta morgun þegar Nasreddin kom á fætur fann hann peningana í grasinu og hjartað hoppaði í barmi hans, því hann sá að alt voru gjaldgeingir gullpeningar. Hann fór að telja þá, en á meðan stóð gyðingurinn á gægjum og hlakkaði til að sjá, hvernig honum mundi bregða í brún, þegar hann kæmist að því, að einn penínig vantaði á hundraðið.

En vonir hans brugðust. Nasreddin ygldi sig reyndar dálitið þegar hann sa að einn peníng vantaði, en rjett á eftir hóf hann upp hendur sínar og mælti:

Þökk sje þjer, drottinn minn og guð minn; jeg vissi að þú mundir ekki neita mjer um hjálp þína. Reyndar vantar hjer einn gullpeníng, en jeg veit með vissu, að sá sem gefið hefur níutíu og níu telur ekki eftir sjer að bæta við hinum hundraðasta. Síðan stakk hann peningunum í vasa sinn, gekk inn og var hinn ánægðasti. Nú fór gyðingnum ekki að lítast á blikuna; hann sá nú fyrst, hve illa hann hafði breitt,

Digitized by Google

þar sem hann ætlaði að draga dár að guðsótta gamals og heiðvirðs manns, sem þar á ofan var einginn annar en hinn mikilsvirti kennari Nasreddin.

Til þess að ná aftur peningunum rjeð hann af að fara inn til Nasreddins og segja honum upp alla söguna. Hann hjelt þá að Nasreddin mundi reynast svo göfuglyndur að skila peningunum aftur. Hann barði að dyrum hjá nábúa sínum. Nasreddin tók vel á móti honum, því hann var í góðu skapi eftir gullpeningafundinn. Eftir nokkrar viðræður spurði hann gestinn: Hverju á jeg að þakka þá ánægju, að þú heimsækir mig?

Gyðingurinn sagði þá söguna eins og hún hafði geingið og játaði, að hann hefði sjálfur breytt illa. Nasreddin gerðist þá ygldur á svip, og þegar gyðingurinn hafði lokið máli sínu, mælti hann af mikilli reiði:

Gjörspiltur ertu, gyðingur! Til þess að svala þinni óseðjandi ágirnd bligðast þú þín ekki við að játa, að þú hafir ætlað að gera gabb að trúrækni rjetttrúaðs manns! þú hefur staðið á hleri þegar jeg talaði við Allah í garði mínum og nú hugsar þú þjer, vantrúaði hundur, að svíkja út úr mjer gjöf þá sem

Digitized by Google

drottinn sendi sínum dygga þjóni. Far þú út hjeðan!

Nei, nei, kæri, kæri, voldugi, háttvirti kennari! Þetta er hreinn sannleikur! Aumkast þú yfir mig, fátækan manninn, og skilaðu mjer aftur gullpeningum mínum! mælti gyðingurinn.

Þínum gullpeningum! æfti Nasreddin. Nú geingur frekjan fram úr öllu hófi! Þú gerir ekki einasta gabb að mjer, heldur dirfist þú jafnvel að draga dár að almáttugum guði, þar sem þú neitar, að hann sje fær um að fullnægja bænum rjett-trúaðra barna sinna. Nei, svívirðilegi gyðingshundur, þetta gróðabragð skal ekki heppnast þjer. Rjettast væri að þú værir laminn svipum í iljarnar fyrir guðníð!

Gyðingurinn gjörði ýmist að byrsta sig eða biðja með auðmýkt, en hvorugt hjálpaði.

Vegir drottins eru órannsakanlegir, mælti Nasreddin; jeg sneri mjer með barnslegu trúnaðartrausti til guðs, og hann hefur bænheyrt mig.

En þú sagðir í bæninni, svaraði gyðingurinn, að þú tækir ekki á móti gjöfinni svo framarlega sem einn peníng vantaði. Og þeir voru ekki nema níutíu og níu.

Það hefði ekki undrað mig þótt upp á vantaði,

Digitized by Google

svaraði Nasreddin, ef satt væri, að peningarnir hefðu geingið í gegnum nirfilshendur þínar. En hvað kemur það mjer við að rannsaka vegi drottins!

Það sem guð hefur gefið mjer er eign mín, og því held jeg. Sje nú svo, að drottni hafi mistalist, þá verður hann þess án efa var áður en lángt um líður og sendir mjer það sem á vantar. Jeg geri mig ánægðan með gjöf hans og þar með er því máli lokið.

Þegar allar fortölur reyndust ónýtar stakk gyðíngurinn upp á að þeir skyldu bera málið undir dómarann. Nasreddin kvaðst fús til þess, en sagði að asni sinn væri nýdauður og fótgángandi færi hann ekki; þar að auki væri frakki sinn nú svo slitinn að hann gæti ekki sýnt sig í honum; gyðíngurinn yrði því að bíða þángað til hann hefði keypt sjer asna og nýan frakka.

Gyðíngurinn stakk þá upp á að lána honum asna og frakka til þess að fá málið útkljáð strax. Nasreddin fjellst á það, og svo hjeldu þeir á stað til dómarans. Nasreddin reið hnakkakertur á undan í bestu skrautyfirhöfn gyðíngsins, en eigandinn þrammaði fótgángandi á eftir.

Gyðíngurinn skýrði nú dómaranum frá málavöxt-

Digitized by Google

um, en Nasreddin hlustaði þegjandi á. Síðan sneri dómarinn sjer til Nasreddins, en hann kvað gyðíng-inn vera að reyna á þennan svívirðilega hátt að draga dár að trúrækni sinni, og jafnframt að guði sjálfum, en þar ofan í kaupið ætlaði hann að svíkja út úr sjer þá guðs gjöf sem sjer hefði hlotnast.

Dómarinn virtist vera á báðum áttum, en hallast þó fremur að málstað gyðíngsins. Nasreddin ljet þá brýrnar síga og mælti af reiði:

Heiðraði dómari! Er ekki næst að ætla að maður þessi haf misst vitið? Það er ágirnd og ekkert annað sem lýsir sjer í framburði hans. Jeg gæti best trúað að hann færi nú að færa sig upp á skaftið og halda því fram að hann eigi bæði asnann, sem jeg ríð á, og frakkann, sem jeg geing í!

Já, víst á jeg hvorttvegga! æfti gyðíngurinn.

Þarna getið þjer nú sjálfur heyrt hvernig ástatt er fyrir manninum, herra dómari! mælti Nasreddin.

Gyðíngurinn fjekk nú viðeigandi áminníngu fyrir óþarfa málsýfíngu, en dómarinn kvaðst að þessu sinni sleppa honum án frekari ráðníngar.

Á leiðinni heim reyndi Nasreddin að sýna gyðíngn-

Digitized by Google

um fram á, að asninn og frakkinn væru ekki nema rjettmætar bætur fyrir ómak það og ónæði sem hann hefði bakað sjer, en missir þeirra væri honum sæmileg hegníng fyrir ágirndina og frekjuna.

Þegar Nasreddin hafði komið asnanum á bás og heingt frakkann upp heima hjá sjer, leit hann með ánægjubrosi á nýu yfirhöfnina og mælti til konu sinnar:

Sagði jeg ekki, kona, að sá sem gefið hefði níutíu og níu gullpeníng mundi ekki sjá eftir að bæta þeim hundraðasta við?

Digitized by Google

Nasreddin á þakinu.

Þakið á húsi Nasreddins var orðið svo ljelegt að það þurfti bráðra aðgerða. Hann þóttist ekki hafa ráð til þess að kaupa smið til þess að gera við það, ætlaði að reyna að gera það sjálfur og klifraði upp.

En þá tókst ekki betur til en svo, að hann fjell ofan, hálfrotaðist og var borinn inn í rúm sitt. Þegar hann ránkaði við sjer aftur sagði hann við konu sína:

Komi hjer einhver til þess að spyrja hvernig mjer líði, þá spurðu hann, hvort hann hafi reynt hvernig það sje að detta ofan af þaki. Segi hann nei, þá skaltu reyna að losast sem fyrst við hann. En segi hann já, þá skaltu taka vel á móti honum og bjóða honum hingað inn til mín.

Því á jeg að gera það? spurði konan.

Þú skilur það ekki, kona. En gerðu eins og jeg segi, mælti Nasreddin.

Nú komu vinir Nasreddins einn eftir annan að vitja hans, en konan spurði alla, hvort þeir hefðu nokk-

Digitized by Google

urntíma dottið ofan af þaki. Allir svöruðu því neitandi, og einginn þeirra fjekk að koma inn til sjúklíngsins. En þeir þekktu sjervisku þeirra Nasreddins og ljetu sjer þetta lynda.

Loks kom þó einn sem svaraði spurníngunni játandi. Honum var strax boðið inn til skólameistarans. Erindið var ekki annað en að spyrja um líðan sjúklíngsins; hann óskaði honum góðs bata, en stakk penínga undir koddabrúnina, kvaddi og gekk út aftur.

Undir eins og maðurinn var kominn út úr dyrunum, seildist Nasreddin undir koddann, dró fram peninginn og sagði hróðugur við kerlíngu sína:

Þarna geturðu sjeð, góða mín! Hinir hefðu ekki gert annað en setið hjer tímunum saman mjer til leiðinda og sagt svo þegar út kom: „Það var honum mátulegt! Hvað átti hann að gera upp á þak!“ En sá veit gleggst sem reynir, og hjer var rjetti maðurinn.

Digitized by Google

Einginn gerir svo öllum líki.

Einusinni fór Nasreddin á markað og hafði son sinn með sjer. Hann keypti asna á markaðinum, og á heimleiðinni ljet hann dreinginn ríða asnanum, en gekk sjálfur.

Á leiðinni mættu þeir mönnum, sem fóru að athuga ferð þeirra, og Nasreddin heyrði þá að sagt var: Flest geingur nú orðið öfugt hjer í heimi. Lítið þið á strákinn þarna, sem situr eins og herramaður á asnanum, en lætur gamla manninn lafmóðan gánga á eftir.

Nasreddin ljet þá dreinginn fara af baki og settist sjálfur upp á asnann. Ætli þeir sjeu nú ánægðir? sagði hann við sjálfan sig.

Skömmu síðar mættu þeir öðrum hóp og Nasreddin heyrði þá að sagt var: Lítið þið á! það er umhyggjusamur faðir sá arna, situr sjálfur bíspertur á asnanum, en lætur dreingaumingjann hlaupa á eftir.

Nasreddin stöðvaði asnann og mælti: Sestu fyrir aftan mig, dreingur minn!

Þegar þeir höfðu tvíment um stund komu enn menn,

Digitized by Google

á móti þeim og Nasreddin heyrði að sagt var: Er það ekki hrópleg meðferð á skepnunni! Og það er einn af drottins þjónum sem svona fer með asnann sinn! Ætli mennirnir, báðir fullfrískir, gætu ekki geingið til skiftis!

Nasreddin stöðvaði asnann og mælti: Við skulum fara af baki, dreingur minn?

Þeir fóru nú báðir af baki, geingu nú báðir og teymdu asnann. Enn mættu þeir mönnum, sem Nasreddin heyrði að hæddust að þeim og sögðu: En hvað þetta er líkt honum! . . Nú hefur hann keyft nýan asna og tímir ekki einu sinni að brúka hann! Hann er líklega hræddur um að húðin slitni undan dausnum á sjer. En að þeir skuli ekki bera asnann heim á milli sín!

Nasreddin fylgdi líka þessu ráði og skipaði dreingnum að bera asnann heim með sjer. En þegar mennirnir voru farnir, sagði hann við son sinn:

Þegar þú eignast asna, þá minstu þess að klippa aldrei tagl hans í annara nærveru, því sumir munu segja, að þú klippir of mikið, aðrir, að þú klippir of lítið, og viljir þú gera öllum til hæfis, verður endirinn sá, að ekkert verður eftir af taglinu.

Digitized by Google

Nasreddin predikar.

Einusinni átti Nasreddin kennari að predika fyrir söfnuðinum. Menn gerðu sjer miklar vonir um ræðu hans. Þegar hann kom upp í predikunarstólinn sneri hann sjer til safnaðarins og mælti:

Vinir mínir, vitið þið hvað jeg ætla að segja ykkur í dag?

Nei, hvernig ættum við að vita það? svöruðu nokkrir af áheyrendunum.

Fyrst þið ekki vitið það, þá get jeg ekki fundið nokkra ástæðu til þess að vera að segja ykkur það! mælti Nasreddin og gekk rólegur burt.

Næsta sinn þegar hann átti að predika byrjaði hann á sama hátt, en þá var svarað:

Já, við vitum vel hvað þú ætlar að segja!

Ójá, þið vitið það vel . . . jæja, vinir mínir, úr því að þið vitið það, þá þarf jeg ekki að segja ykkur það! mælti Nasreddin og gekk burt.

Þegar hann átti að predika í þriðja sinn komu menn sjer saman um, að ef hann kæmi enn með

Digitized by Google

sömu spurninguna, þá skyldu sumir svara, að þeir vissu það, en aðrir, að þeir vissu það ekki.

Þegar Nasreddin kom fram í predikunarstólinn spurði hann eins og áður:

Jæja, vinir mínir, vitið þið nú í dag hvað jeg ætla segja ykkur?

Þá tóku áheyrendurnir að æpa hver í kapp við annan. Sumir kölluðu: Já, við vitum það! en aðrir: Nei, við höfum einga hugmynd um það.

Nasreddin var hinn rólegasti. Þetta er ágætt, mælti hann; þá geta þeir sem vita það sagt það hinum, sem ekki vita það?

Að svo mæltu gekk hann heim og predikuninni var lokið.

Digitized by Google

Nasreddin býður heim gestum.

Einu sinni mætti Nasreddin hóp af stúdentum á förnum vegi og tók þá tali. Þegar hann hafði talað við þá um hríð mælti hann:

Komið þið, við skulum gánga heim til mín, svo við getum sem leingst notið ánægjunnar af samverunni.

Stúdentarnir tóku á móti boðinu og geingu heim á leið með honum. Á leiðinni varð hann leiður á þeim og fór að hugsa um hvernig hann ætti að losna við þá. Þegar heim kom kvaðst hann gánga inn á undan þeim, til þess að gera konu sinni aðvart um gestakomuna, en þeir biðu útifyrir á meðan.

Þegar Nasreddin kom inn sagði hann við konu sína: Láttu nú sjá og losaðu mig við þessa menn, kona góð! Síðan gekk hann upp í herbergi sitt.

Konan opnaði hurðina í hálfa gátt og spurði stúdentana um erindi þeirra. Þeir sögðu, að kennarinn hefði boðið þeim heim og nú biðu þeir þess að hann kæmi fram aftur.

Digitized by Google

Hann er ekki heima, svaraði konan.

Hann er nýgeinginn inn í húsið, sögðu þeir.

Nei, hann er ekki kominn heim enn, svaraði hún.

Við urðum honum sjálfir samferða, sögðu þeir.

Það getur verið, en hann er ekki heima, svaraði hún.

Við urðum honum samferða hjerna heim að dyrunum, sögðu þeir.

Því trúi jeg vel, en sjálfur er hann ekki kominn heim, svarði hún.

Stúdentarnir fóru nú að verða óþolinmóðir, en konan ljet sig ekki. Loks tóku þeir að berja á dyrnar. En þá gat Nasreddin ekki leingur setið rólegur; hann opnaði glugga og kallaði ofan til þeirra:

Hvað eiga þessi læti að þýða, piltar? Ekki vitið þið nema tvær dyr kunni að vera á húsinu, svo að jeg gæti verið kominn út um hinar dyrnar.

Að svo mæltu skellti hann glugganum aftur.

Digitized by Google

Nasreddin og blindu mennirnir.

Á heitum sumardögum gekk Nasreddin oft niður að ánni hjá Akschehir og lá þar undir trje í forsælunni. Einu sinni komu þar tíu blindir menn og voru í vandræðum með að komast yfir ána. Nasreddin bauðst þá til að hjálpa þeim yfrum gegn því að hver um sig gildi sjer einn koparpeníng. Þeir tóku boðinu og Nasreddin leiddi þá svo yfrum á plánka, sem lá yfir ána þar skamt frá. En einn af þeim misstje sig á plánkanum, fjell í ána og barst burt með straumnum. Hinir heyrðu neyðaróp hans og skvampið í vatninu, urðu mjög hryggir og ávítuðu Nasreddin harðlega. En hann brást reiður við og mælti:

Hvaða ástæða er til þess að gera sjer þrætu úr öðru eins og þessu? Jeg slæ einum eyrpeníngi af fylgdarlaununum og þar með er því máli lokið!

Digitized by Google

Vísdómur drottins.

Einu sinni byrjaði Nasreddin predikun á þessa leið: Ó, vinir mínir! ó, þið rjett-trúaðir! Þakkið þið guði fyrir að hann gerði ekki úlfaldann að fugli! Því hugsið ykkur að úlfaldinn hefði vængi og flýgi um í görðum ykkar, — hvílík spillvirki mundi hann þá vinna? Eða hugsið ykkur úlfalda koma og setjast á þök ykkar, — húsin mundu þá hrynja yfir höfuð ykkar og kremja ykkur til bana! Þakkið þið guði fyrir að úlfaldinn hefur ekki vængi!

Digitized by Google

Heimsendir.

Nasreddin keyfti einu sinni lamb og fjekk svo miklar mætur á því, að hann tímdi aldrei að slátra því.

Nokkrir úngir gleðimenn í Akcshehir komu sjer þá saman um, að reyna að ná frá honum lambinu, gera sjer úr því veislu og bjóða Nasreddin þángað. En aldrei feingu þeir færi á lambinu. Hjer varð því að finna upp eitthvert kænskubragð. En þeir vildu komast hjá að gera Nasreddin reiðan.

Loks datt einum þeirra ráð í hug. Hann stakk upp a, að þeir skyldu breiða þá fregn út, að eftir reikníngi frægs stjörnufræðíngs væri heimsendir væntanlegur innan lítils tíma. Fregnin um þetta gekk nú mann frá manni og var ekki um annað talað. Einkum varð kvenfólkinu mikið um þetta, og ekki síst konu Nasreddins. Fór nú svo að Nasreddin fór að gefa sögunni gaum og ljet sem hann tryði þessu eins og aðrir.

Þegar þeim kumpánum þótti sem Nasreddin mundi nægilega undirbúinn, þá komu þeir því í tal í nær-

Digitized by Google

veru hans, hvernig rjettast mundi að kveðja þetta líf, og einhver stakk upp á, að rjettast væri að efna til stórrar veislu úti á víðavángi; skyldi hver og einn leggja til hennar eftir faungum og kveðja svo heiminn í glaum og gleði.

Nasreddin var altaf reiðubúinn til þess að taka þátt í átveislum, en orð hafði hann á því, að hann hefði ekkert handbært til þess að leggja fram til veislunnar. Þeir minntu hann þá á lambið og kváðu það ríflegt tillag frá hans hálfu, en deyja mundi það hvort sem væri.

Nasreddin fór undan í flæmingi, en af því að allir lögðu að honum, þá ljet hann loks undan. Veislan var ákveðin sjálfan dómsdaginn.

Þann dag komu þeir svo allir saman á ákveðnum stað, hver með sinn skerf til borðhaldsins. Nasreddin kom með lambið. Allir voru vel kátir og þó enginn glaðari en Nasreddin. Lambinu var nú slátrað, skrokkurinn festur á steikiteina og stórt bál kveikt. Nasreddin tók að sjer að sjá um eldinn og steikina; hinir, sem ýngri voru, fóru í leik þar skammt frá, en ytri fötum sínum fleygðu þeir undir trje rjett hjá

Digitized by Google

steikarabálinu, því í leiknum urðu þeir að vera ljettir á sjer.

Nasreddin varð nú einn eftir við steikina. En jafnframt brenninu kastaði hann öllum fötum fjelaga sinna á bálið. Þegar hann hafði brennt þau upp og lambið var fullsteikt kallaði hann á þá.

Þeir höfðu hugsað sjer að glatt skyldi á hjalla meðan verið væri að jeta lamb Nasreddins. En þeim varð hálfhverft við þegar þeir fundu hvergi fötin og spurðu Nasreddin hvernig á því stæði. Og þeim sárgramdist þegar hann með mestu ró og sakleysissvip fór að rífa upp í öskuhrúgunni og sýndi þeim hálfbrunnar tætlurnar af sparifötum þeirra.

Fötin ykkar! sagði hann. Jeg fleygði þeim undir steikina! Hvað hafið þið með föt að gera framar, úr því að dómsdagur á að verða í dag?

Sá einn, sem át með góðri lyst var Nasreddin.

Digitized by Google

Þakklæti Nasreddins.

Einu sinni lagði Nasreddin á stað með þrjár úrvalsplómur á stórum trjebakka og ætlaði að gefa landsstjóranum þær. Hann bar bakkann á höfðinu, eins og siður er í austurlöndum. En á leiðinni ultu plómurnar fram og aftur um bakkann við hvert spor sem hann stje. Nasreddin leiddist skröltið.

Liggið þið nú kyrrar, annars jet jeg ykkur! sagði hann byrstur.

En plómurnar hjeldu áfram að velta til og frá, þángað til hann í reiði sinni þreif tvær af þeim og át þær. Með þá þriðju komst hann alla leið til landstjórans og bar hana fram fyrir hann á trjebakkanum. Landstjórinn var í góðu skapi og tók á móti gjöfinni. Síðan ljet hann Nasreddin segja sjer skemtisögur nokkra stund og gaf honum að skilnaði góða gjöf.

Nasreddin þótti för sín hafa orðið hin besta, og ekki leið á laungu áður hann byggist enn á ný að hitta landstjórann. En nú tók hann með sjer nokkr-

Digitized by Google

ar næpur í stað plómanna og þótti líklegra að hann kæmist með þær óskertar alla leið. Á leiðinni mætti hann kunninga sínum.

Hvert ætlar þú með allar þessar næpur? spurði maðurinn.

Jeg ætla að gefa landstjóranum okkar þær, svaraði Nasreddin.

Jeg skil ekki í að hann kæri sig um næpur, sagði maðurinn. Í þínum sporum hefði jeg heldur valið fíkjur.

Nasreddin fór að hugsa um þetta og fannst maðurinn hafa rjett að mæla. Hann seldi þá næpurnar, keyfti aftur fíkjur og fór með þær til landstjórans.

En nú var landstjórinn í illu skapi og skipaði þjónum sínum að reka Nasreddin burt og kasta fíkjunum í höfuð honum. Þeir gerðu eins og þeim var skipað, en í hvert sinn sem Nasreddin fjekk fíkju í höfuðið, kallaði hann hástöfum:

Guði sje lof og þökk!

Þeim þótti maðurinn undarlega þakklátur fyrir aðra eins móttöku og spurðu hann loks hvernig á því stæði.

Digitized by Google

Það er af því, svaraði Nasreddin, að í fyrstunni var jeg á leið hingað með næpur, en mætti manni, sem rjeð mjer til að skifta og taka heldur fíkjur. Og hugsið þið ykkur nú, að jeg hefði komið hingað með næpurnar og þeim hefði verið hent í höfuðið á mjer! Jeg hefði verið margrotaður fyrir laungu!

Digitized by Google

Rúmteppið.

Vetrarnótt eina vaknaði Nasreddin við hávaða úti á götunni. Hann reis á fætur og sá þar nokkra menn í ílldeilum, varð forvitinn og langaði til að vita hvað um væri að vera. Kona hans bað hann að vera kyrran, en hann skeytti því ekki, tók skó sína, en nennti ekki að klæða sig í fötin, þreif rúmteppið, vafði því utan um sig og hljóp svo út.

Hann gekk til mannanna og spurði eftir misklíðarefninu. Þrætan var þá úti, en í stað þess að svara þreif einn þeirra í teppið og hljóp burt með það. Hinir hlupu á eftir.

Nasreddin stóð þar eftir nakinn og skjálfandi. Einu sinni fertugasta hvert ár skyldi hver maður fara að ráðum konu sinnar! sagði hann við sjálfan sig og hljóp inn.

Um hvað var þrætan? spurði konan þegar hann kom inn.

Hæg, kona! svaraði Nasreddin. Hún var um rúm-

Digitized by Google

teppið okkar! Rifrildinu er lokið þá rúmteppið er burt, segir máltækið.

Síðan skreið hann skjálfandi undir sængina.

Digitized by Google

Kraftur bænarinnar.

Kvöld eitt þegar Nasreddin var nýháttaður heyrði hann að klifrað var uppi á þakinu og vissi, að þar mundi þjófur vera á ferð. Hann ýtti þá við konu sinni og mælti:

Hef jeg sagt þjer, að jeg hef nýlega lært bæn, sem hjálpar til þess að komast niður reykháfa. Jeg hef reynt kraft hennar nú meðan þú svafst.

Konuna lángaði mikið til að heyra þá bæn og bað hann að kenna sjer hana.

Hægt er það, kona, svaraði Nasreddin, ekki er annað en þylja bænina, taka sjer í túnglskinið og láta sig svo líða niður. En hvað ætlar þú að gjöra með hana?

Jeg get vel þurft hennar með, ef jeg einhverntíma gleymi götudyralyklinum, svaraði konan.

Nasreddin fór þá að þylja bænina. En þjófurinn sat uppi á þakinu, heyrði til hans og lærði hana.

Þegar alt var orðið hljótt aftur, hugsaði hann sjer að nota lærdóm sinn, greip eftir túnglskininu og stje-

Digitized by Google

niður í reykháfinn. En af falli hans varð mesti skarkali og þar á ofan kom hann fótbrotinn niður.

Nasreddin hafði legið vakandi, en spratt nú á fætur, greip þjófinn og kallaði til konu sinnar:

Komdu með ljós, jeg hef náð í þjófinn!

Bænirnar þínar eru álíka áreiðanlegar og vitið mitt, svaraði hún gröm og kom með ljósið.

Digitized by Google

Vitnaleiðslan.

Tveir bændur urðu ósáttir út af matvörupoka. Málið fór fyrir rjett og meðal annars stóð þrætan um, hvort hveiti eða rúgur hefði verið í pokanum.

Annar bóndinn fjekk Nasreddin til að mæta sem vitni með öðrum manni og áttu þeir báðir að styðja málstað hans. Nasreddin vissi samt sem áður ekkert um upptök þrætunnar.

Hitt vitnið bar nú fram fyrir rjettinum það sem það vissi og sagði meðal annars að hveiti hefði verið í pokanum. En þegar Nasreddin kom, sagði hann að það hefði verið bygg.

Nei, sagði hitt vitnið, það var hveiti! og ætlaði að leiðrjetta framburðinn.

En Nasreddin brást reiður við og mælti: Flónið þitt! úr því að það er hvort sem er lýgi sem við berum, þá má á sama standa, hvort við segjum hveiti eða bygg!

Digitized by Google

Þvottasnærið.

Einusinni kom nábúi Nasreddins til hans og bað hann að lána sjer þvotta-snæri.

Það var leiðinlegt, svaraði Nasreddin. Snærið hefði verið þjer guðvelkomið, en jeg er því miður að brúka það núna sem stendur. Jeg var rjett í þessu að breiða mjel á það.

Breiða mjel á það? svaraði maðurinn. Hvað á þetta að þýða? Breiðir nokkur maður mjel á þvotta-snæri!

Nasreddin setti þá upp spekíngssvip, vjek sjer að gestinum og hvíslaði að honum:

Já, þegar jeg vil ekki lána þvottasnærið mitt, þá breiði jeg mjel á það.

Digitized by Google

Stiginn.

Einu sinni langaði Nasreddin til að ná í ávexti úr garði annars manns án þess að gefa nokkuð fyrir þá. Hann fjekk sjer stiga, reisti hann upp múrinn þar sem ávaxtatrjen voru innifyrir og klifraði upp tröppurnar.

En til allrar bölvunar kom eigandi garðsins þá að og spurði í allt annað en vingjarnlegum róm:

Hvað ertu að gera þarna, skólameistari?

Nasreddin leit niður og svaraði með mestu ró:

Jeg . . . . jeg er að selja stigann þann arna.

Digitized by Google

Andasúpa.

Einn dag kom Nasreddin að ofurlítilli tjörn og sá fjölda af öndum á bakkanum. Hann læddist inn á milli þeirra, gat náð einni og drap hana, en hinar stúngu sjer skrækjandi niður í tjörnina.

Í því kom eigandi andanna þar að og nú var um það að gera fyrir Nasreddin að hann kæmist ekki að andardrápinu. Hann lagðist þá niður á bakkann, dýfði annari hendinni með dauðu öndinni niður í tjörnina, en með hinni tók hann brauðskorpu upp úr vasa sínum, dýfði henni niður í tjörnina og beit svo í.

Hvað ertu að gera þarna, skólameistari? spurði maðurinn.

Jeg er að jeta andasúpu, svaraði Nasreddin.

Eigandinn hjelt að hann væri ekki með öllum mjalla og gekk burt.

Digitized by Google

Betlarinn.

Nasreddin hafði útbúið sjer herbergi á efra lofti í húsi sínu, rjett uppyfir útidyrunum, svo að hann þurfti ekki annað en opna gluggann til þess að geta talað við þá sem börðu að dyrum hjá honum.

Einu sinni þegar hann sat einn heima í herbergi sínu var barið hart á dyrnar. Hann opnaði gluggann og leit út, en þekkti ekki manninn sem niðri stóð.

Hvað vilt þú? spurði Nasreddin uppi í glugganum.

Mig lángar til að tala við þig, skólameistari, svaraði maðurinn, ef jeg mætti ónáða þig ofan.

Nasreddin fór ofan. En erindi komumanns var þá ekki annað en biðja um ölmusu.

Komdu upp með mjer, svaraði Nasreddin vingjarnlega.

Þegar þeir voru komnir upp settist Nasreddin niður og hagræddi sjer sem best. Þegar því var lokið, leit hann á gestinn, yfti öxlum og sagði með mesta bænadagssvip:

Digitized by Google

Drottinn hjálpi þjer!

En þetta voru menn vanir að segja við beiníngamenn þegar þeir áttu ekkert að fá.

Skólameistari mælti komumaður í ávítunarrómi, því gastu ekki sagt þetta niðri?

Því gastu ekki eins sagt mjer erindi þitt þegar jeg lauk upp glugganum? svaraði Nasreddin og bað gestinn að fara sem fyrst út.

Digitized by Google

Nasreddin og Tímúrlenk.

Þegar Tímúrlenk vann Litluasíu heyrði hann getið um Nasreddin skólameistara, gerði boð eftir honum og ætlaði að láta hann biðja fyrir sjer. Nasreddin settist upp á asna sinn, hjelt á fund Timúrlenks og hafði með sjer lærisvein sinn, Imad Mollah.

Tímúrlenk tók vel á móti honum og bauð honum til sætis á dívan, en sjálfur sat hann á öðrum rjett á móti. Nasreddin vissi ekki að Tímúrlenk var haltur, en tók eftir að hann hjelt öðrum fætinum undir dívaninum, sem hann sat á. Um leið og Nasreddin settist niður stakk hann öðrum fætinum undir dívaninn.

Tímúrlenk sá þetta og reiddist, því hann hjelt að Nasreddin væri að gera gis að líkamslýti sínu. Hann mælti þá með þjósti:

Skólameistari! Hver er munurinn á yður og asna?

Hann er sá, að jeg sit á þessum dívan hjerna! svaraði Nasreddin.

Tímúrlenk þykktist, sem von var, enn meir við

Digitized by Google

þetta svar og ætlaði að kalla til þjóna sinna til þess að láta hegna skólameistaranum. En rjett í því var maturinn borinn inn til þeirra og skaut hann því hinu á frest.

Nasreddin var matmaður og dró óspart til sín af rjettunum. En þegar máltíðin stóð sem hæst, hnerraði soldán beint framan í andlitið á honum.

Nasreddin leit upp frá matnum og mælti: Er ekki óhæfa að haga sjer svona við máltíðir?

Nei, skólameistari, þar sem jeg er uppalinn þykir það eingin óhæfa! svaraði Tímúrlenk.

Þegar þeir höfðu setið enn um hríð, fór Nasreddin að ropa og hjelt því áfram fast og leingi.

Er ekki óhæfa að haga sjer svo? mælti Tímúrlenk.

Nei, soldán, þar sem jeg er uppalinn þykir það eingin óhæfa! svaraði Nasreddin.

Þrátt fyrir allt þetta slapp Nasreddin slysalaust frá Tímúrlenk. Á heimleiðinni sagði Imad Mollah við hann:

Skólameistari! er nú ekki í raun og veru skömm að koma svona fram við merkan og voldugan soldán?

Svo sem presturinn sýngur, svo gaular söfnuðurinn, svaraði Nasreddin.

Digitized by Google

Nokkru eftir þessa fyrstu heimsókn hjá Tímúrlenk ljet Nasreddin steikja feita gæs, hjelt á stað með hana til soldáns og ætlaði að færa honum hana að gjöf. En á leiðinni varð hann svángur, skar annað lærið af gæsinni og át það. Hjelt hann svo áfram, fjekk leyfi til að gánga fyrir soldán og færði honum gjöfina.

Tímúrlenk sá að annan fótinn vantaði, hjelt að karl væri enn að gera gis að líkamslýti sínu og mælti:

Hvað á þetta að þýða, skólameistari? Hvað hefur orðið af öðrum fætinum?

Hjer í landi eru allar gæsir einfættar, soldán! svaraði Nasreddin mjög hátíðlegur.

Í því kom hann auga á gæsir, sem stóðu í hóp við tjörn þar nærri, og höfðu allar dregið annan fótinn uppundir kviðinn. Hann benti soldáni þángað og bætti við: Ef þú ekki trúir mjer, þá getur þú litið á gæsirnar þarna úti við tjörnina.

Tímúrlenk leit þángað og varð að játa, að Nasreddin hafði rjett fyrir sjer. Hann kallaði þá á yfirböðul sinn og hvíslaði einhverju að honum. Rjett á eftir óð flokkur manna að gæsunum með prik í höndum

Digitized by Google

og barði á þeim. Þær urðu að forða sjer og feingu þá auðvitað skjótt tvo fætur hver.

Sjáðu til, nú eru þær alt í einu orðnar tvífættar! mælti Tímúrlenk til Nasreddins.

Það er nú svo, svaraði Nasreddin. Ef þú hefðir feingið önnur eins högg og þetta, þá hefðir þú líklega flúið á fjórum.

Digitized by Google

Nasreddin og múnkarnir.

Einu sinni voru þrír lærðir kristsmúnkar á ferð um Liltuasíu og komu til Alaeddins soldáns. Eins og siður er í austurlöndum var tekið móti þeim með mikilli gestrisni. Mikið orð fór af vizku þeirra og snilli, og einn dag voru þeir boðaðir til hirðarinnar á fund soldáns til þess að sýna íþróttir sínar. Þótti soldáni mjög mikið til þeirra koma og vildi fá þá til að setjast að hjá sjer. En fyrst urðu þeir auðvitað að kasta trú sinni og gerast Múhameðstrúar. Það vildu þeir ekki og settu það skilyrði, að einhver fyndist þar, er svarað gæti þrem spurningum, sem þeir ætluðu að bera upp. Þeir áttu að bera upp sína spurninguna hver, og yrði þeim rjett svarað, þá lofuðu þeir að láta að óskum soldáns og vera kyrrir, en annars ætluðu þeir að fara burt.

Soldán var þessu samþykkur og taldi sjálfsagt að meðal vitringa sinna væru einhverjir, sem svarað gætu spurningum múnkana. En þegar til kom sýndi það sig, að eingir af vitringum soldáns gátu staðið múnkunum á sporði og svarað spurningum þeirra. En því

Digitized by Google

meir þótti soldáni til múnkanna koma. Var nú að því komið, að þeir byggjust til ferðar. Þá gekk einn af elstu vitríngum landsins fram fyrir soldán og mælti:

Ef nokkur hjer í landi getur sigrað múnkana og svarað spurníngum þeirra, þá er það Nasreddin skólameistari í Akschehir. Láttu boða hann híngað og trúi jeg þá ekki öðru en að þú fáir haldið múnkunum.

Soldán fjellst á þetta og ákvað vissan dag, er haldin skyldi á síðasta prófraun milli múnkanna og landsmanna. Hann bauð mönnum að fjölmenna til þeirrar samkomu. Þann dag var Nasreddin einnig boðaður til hirðarinnar. Stje hann á bak asna sínum, fór í hina gömlu yfirhöfn sína, tók sjer lángan staf í hönd og kom til soldánshallarinnar á ákveðnum degi. En þegar átti að leiða hann fram fyrir soldán, fjekkst hann með eingu móti til að fara af baki. Hvert sem jeg fer skal asninn fylgja mjer, mælti hann, og tjáði ekkert að mæla móti því sem hann vildi vera láta.

Loks urðu hirðmennirnir að segja soldáni hvernig ástatt var. Og þar sem hann hafði heyrt getið um sjervisku

Digitized by Google

Nasreddins, þá hló hann og sagði, að vel mætti halda fundinn undir beru lofti. Hann stefndi þá hirðinni saman á autt svæði úti fyrir höllinni og skipaði að vísa Nasreddin þángað.

Nasreddin fór þángað ríðandi. En þegar hann kom fram fyrir soldán, stje hann af baki, lagaði yfirhöfn sína, gekk fram mjög hátíðlegur með asnann í taumi og heilsaði soldáni á venjulegan hátt. Soldán tók vel kveðju hans og skýrði honum frá til hvers hann væri boðaður þángað.

Þegar soldán hafði lokið máli sínu, leit Nasreddin til múnkanna, horfði fyrirlitlega á þá litla stund, sneri sjer síðan að einum þeirra og mælti:

Nú, múnkur! látum okkur þá heyra þína spurníngu.

Múnkurinn gekk fram og bar upp spurníngu sína í mjög hátíðlegum róm. Getur þú sagt okkur: hvar er miðdepill jarðarinnar? mælti hann.

Án minsta hiks benti Nasreddin með stafnum á blettinn undir öðrum framfæti asna síns og svaraði hátt og snjallt:

Þarna er miðdepill jarðarinnar!

Hvernig sannar þú það? spurði múnkurinn.

Digitized by Google

Auðvelt er það, svaraði Nasreddin. Jeg veit að hann er þarna, og ef þú ekki trúir mjer, þá skaltu mæla það. Reynist þjer, að jeg hafi rángt fyrir mjer, þá er jeg reiðubúinn að verja mitt mál.

Síðan sneri hann sjer til soldáns og mælti: Ef þú ekki trúir því sem jeg segi, soldán, þá skipaðu múnkinum þarna að mæla. Reynist honum að jeg hafi rángt fyrir mjer, þá gerðu við mig hvað sem þjer þóknast, en annars tel jeg leyst úr spurníngunni.

Soldán sneri sjer nú til múnksins, en hann skoraðist undan að taka að sjer mælínguna og játaði sig yfirunninn.

Látum okkur nú heyra þina spurníngu, mælti Nasreddin og sneri sjer til annars múnksins.

Getur þú sagt okkur skólameistari: hve margar stjörnur eru á himninum? spurði múnkurinn.

Nasreddin klappaði á bakið á asna sínum og svaraði:

Þær eru jafnmargar og hárin á asnanum mínum!

Hvernig sannar þú það? spurði múnkurinn.

Auðvelt er það, svaraði Nasreddin. Ef þú ekki trúir mjer, þá skalt þú sjálfur telja stjörnurnar og síðan hárin á asnanum. Þú munt sjá að það stendur heima.

Digitized by Google

En það er ógerníngur að telja hárin á asnanum þínum, mælti múnkurinn.

Ekki fremur ógerníngur en að telja stjörnurnar á himninum, svaraði Nasreddin. Síðan sneri hann sjer til soldáns og mælti: Ef þú efar orð mín, soldán, þá skipaðu múnkinum að telja. Reynist honum þá, að jeg hafi rángt fyrir mjer, þá er jeg reiðubúinn til að þola hverja hegníngu, sem þú dæmir mjer, en að öðrum kosti tel jeg leyst úr spurníngunni.

Þar stóð nú annar múnkurinn og varð að tjá sig yfirunninn.

Nú, múnkur, komdu nú með þína spurníngu, mælti Nasreddin til þriðja múnksins. Það var maður með mikið og sítt skegg.

Hann gekk þá fram og spurði nokkuð hikandi:

Getur þú sagt okkur, skólameistarí: hve mörg hár eru í skeggi mínu?

Nákvæmlega jafnmörg og í taglinu á asnanum mínum, svaraði Nasreddin hiklaust og leit með mesta fyrirlitníngarsvip á múnkinn.

Hvernig sannar þú það? spurði múnkurinn.

Það er ekki erfitt, svaraði Nasreddin. Teldu sjálfur, og þú munt sanna að það er rjett.

Digitized by Google

En múnkurinn neitaði. Hann heimtaði að skólameistarinn teldi sjálfur, til þess að sanna fullyrðing sína, og lauk máli sínu með þessum orðum: Getirðu það, þá erum við yfirunnir og tökum allir ykkar trú. En getirðu það ekki, þá viljum við fá að fara hjeðan í friði.

Hægt er það! svaraði Nasreddin. Komdu hingað, múnkur, og jeg skal kippa hárunum, einu og einu, úr skeggi þínu og síðan úr taglinu á asnanum mínum; þá færðu að sjá, hvort jeg hef ekki á rjettu að standa.

Síðan sneri hann sjer til soldáns og mælti: Jeg er í eingum efa um þetta mál. En skyldi samt sem áður svo reynast, sem jeg hafi á raungu að standa, þá vil jeg líða hverja hegníngu sem þú dæmir mjer, en annars tel jeg spurníngunni svarað. Hann laut soldáni með hæversku og beið svars.

Soldán brosti ánægjulega og leit spyrjandi til múnkanna. Þeir töluðu sín á milli, báru saman ráð sín og voru auðsjáanlega í vanda staddir, en einkum virtist hinum skeggjaða vera áhugamál að fá enda á þrætuna. Að stundu liðinni gekk hann fram og mælti á þessa leið fyrir hönd þeirra allra þriggja:

Digitized by Google

Göfugi soldán! Trú þín er án efa hin besta trú, úr því að meðal játenda hennar finnast slíkir spekíngar sem hinn virðulegi skólameistari Nasreddin. Hann hefur nú gefið okkur óhrekjandi vitnisburð um yfirburði sína og við játum, að við erum sigraðir. Við hljótum að telja það virðíngu að verða teknir í hóp slíkra manna og biðjum þig því að taka við okkur sem dyggum þegnum og trúbræðrum.

Þannig snerust múnkarnir til Múhameðstrúar til mikillar ánægju fyrir soldáninn, en Nasreddin náði hylli hans og var hafður í miklum hávegum. Soldán bauð honum að dvelja um tíma við hirð sína og Nasreddin veitti honum marga skemtistund. Að skilnaði gaf soldán honum góðar gjafir. Hann rjetti honum dýrindis skrautyfirhöfn og bauð honum þar á ofan að velja sjer svo marga dýrgripi úr fjárhirslu sinni sem hann vildi.

Nasreddin þá það með gleði og hlóð á sig svo miklu sem hann treysti sjer til að flytja. En soldán var vellríkur og hvatti hann til að taka svo mikið sem hugur hans girntist og nota sem best tækifærið. Loks virtist Nasreddin ekki kæra sig um meira. Hann mælti þá:

Digitized by Google

Nei, nú er nóg komið, soldán! þurfi jeg síðar á meiru að halda, þá get jeg alltaf leitað til þín, en tæki jeg nú svo mikið að þú kæmist síðar í vandræði, finnst mjer óviðkunnanlegra, að þú þyrftir að leita til mín.

Digitized by Google

Nasreddin og dómarinn.

Einu sinni brá dómarinn í Sivri-Hissan sjer upp í sveit og drakk sig fullan. Á heimleiðinni villtist hann í skóginum og valt útaf sofandi. Nasreddin var þennan dag líka á ferð með Iman Mollah, lærisveini sínum. Þá bar þar að sem dómarinn lá. Fannst Nasreddin hann eiga refsingu skilið fyrir slíkt framferði og klæddi hann úr kápunni, en Iman Mollah þurkaði af skónum sínum á buxum hans. Síðan hristu þeir hann þángað til hann fór að rumska, en geingu svo burt.

Þegar dómarinn raknaði úr rotinu skildi hann ekkert í, hvað orðið hefði um kápuna, en sagðist þegar heim kom hafa heingt hana frá sjer, og þaðan hefði henni verið stolið. Bað hann lögreglumenn sína að gera hvað þeir gætu til þess að hafa uppi á kápunni. Rjett á eftir mætti einn þeirra Nasreddin í henni og bað hann að koma með sjer til dómarans.

Hvar hefur þú feingið þessa kápu, skólameistari? spurði dómarinn.

Digitized by Google

Það skal jeg segja þjer, dómari! svaraði Nasreddin. Jeg var á gángi úti í skógi með Iman Mollah og fann þar fullan stúdent sofandi. Til þess að kenna honum að vara sig á slíku framvegis tók jeg af honum kápuna, en Iman Mollah þurkaði af fótum sjer á buxum hans. Sje kápan þín eign, þá bið jeg fyrirgefníngar . . . Og Nasreddin ljet sem hann ætlaði að fara úr kápunni.

Nei, mín eign er hún ekki, mælti dómarinn; það er misskilníngur, skólameistari! Að svo mæltu afsakaði hann, að hann hefði gert Nasreddin ónæði og ljet hann fara burt með kápuna.

Digitized by Google

Ketillinn.

Nasreddin var aldrei ríkur af húsgögnum og varð því oft að fá þau til láns hjá nábúum sínum. En ekki var mönnum ætíð vel við að lána honum, því það orð ljek á, að honum hætti við að gleyma að skila aftur. Væri hann krafinn, hafði hann ætíð einhver undanbrögð.

Einu sinni hafði hann feingið stóran eyrketil lánaðan hjá einum nágranna sínum. Bjóst maðurinn ekki meir en svo við að sjá ketilinn nokkurn tíma aftur. En tveim dögum síðar kemur Nasreddin og skilar katlinum, og er þá niðri í honum ofurlítil kastarhola ný.

Hvernig stendur á þessari kastarholu þarna? spurði eigandinn um leið og hann tók við katlinum.

Hún er þín eign, svaraði Nasreddin. Ketillinn eignaðist afkvæmi í nótt og þú veist það, að afkvæmið á að fylgja móðurinni. Gekk hann svo heim aftur, en nágranni hans ljet sjer nægja skýringuna og hjelt kastarholunni.

Digitized by Google

Nokkru seinna kom Nasreddin aftur og bað um ketilinn til láns. Í það sinn lánaði eigandinn hann óhræddur. En nú leið löngur tími og ekki skilaði Nasreddin katlinum. Eigandinn gekk þá heim til hans og ætlaði að sækja ketil sinn. Nasreddin tók hátíðlega á móti honum, en með sorgarsvip og sagði:

Kæri vinur, ketillinn þinn er dauður!

Flónska! svaraði maðurinn. Katlar deyja ekki.

Á er svo? En hvernig gastu þá trúað því að hann hefði átt afkvæmi, fíflið þitt? svaraði Nasreddin. Ef ketill getur átt afkvæmi, þá getur hann auðvitað líka dáið!

Þetta varð maðurinn að láta sjer nægja og sá ketil sinn aldrei framar.

Digitized by Google

Næturgalinn.

Einu sinni gekk Nasreddin inn í annars manns garð, klifraði þar upp í trje og fór að tína af því á-vextina. Eigandinn kom að og spurði, hvað hann hefði þar að gera.

Jeg er næturgali og sýng, svaraði Nasreddin.

Sýngdu þá og láttu mig heyra hljóðin, sagði maðurinn.

Nasreddin fór þá að garga svo að hinn varð að taka fyrir eyrun. Þetta er auma gargið! sagði hann.

Já, svaraði Nasreddin, en meiru getur þú ekki búist við af alveg óæfðum næturgala.

Digitized by Google

Skorni kálfurinn.

Einu sinni mætti Nasreddin kálfi, sem strokið hafði frá eiganda sínum. Hann tók kálfinn. teymdi hann heim með sjer og slátraði honum. Húðina geymdi hann.

Eigandinn frjetti hvað orðið hafði af kálfinum, kom til Nasreddins og heimtaði, að hann skilaði honum aftur.

Hjer er einginn kálfur! sagði Nasreddin.

En maðurinn hjelt sínu máli fast fram. Hann vissi að Nasreddin hefði teymt kálfinn heim með sjer og heimtaði að hann skilaði honum nú strax aftur.

Loks reiddist Nasreddin og kallaði á konu sína.

Gerðu svo vel og náðu skinninu, sagði hann, svo að þessi áfjáði maður geti sjeð, að kálfurinn er ekki hjer!

Digitized by Google

Nasreddin frelsar nábúa sinn.

Einu sinni sem oftar gekk Nasreddin niður að á til þess að hvíla sig í svalanum. Brú var á ánni þar skammt frá og sá hann að fjöldi manna hafði þyrpst þar saman. Hann gekk þá þángað til að sjá, hvað um væri að vera, og fjekk að vita, að nábúi hans, gyðíngurinn, hefði dottið í ána og berðist nú þar við dauðann. Menn stóðu æpandi á bökkunum. Þegar Nasreddin bar þar að voru menn komnir vel á veg með að bjarga gyðíngnum, en allir glöddust við komu hins vitra skólameistara, því hann hafði oft fundið ráð þegar aðrir stóðu ráðalausir.

Nasreddin braut sjer leið gegnum mannþyrpínguna, gekk fram á brúna og rak menn frá til beggja hliða; tók síðan upp úr vasa sínum stóra peníngapýngju, veifaði henni út yfir ána svo að hríngladi í peníngunum og kallaði um leið hátt til þess að leiða eftirtekt gyðíngsins að sjer.

Menn skildu ekki hvað þetta átti að þýða og horfðu undrandi ýmist á Nasreddin eða gyðínginn, en loks sagði einn:

Digitized by Google

Nasreddin skólameistari! Hvaða gagn heldur þú að sje að þessu?

Aulabárður, svaraði Nasreddin, geturðu ekki skilið, að ef gyðíngurinn fær auga á peníngapýngjunni, þá bröltir hann í land af tómri ágirnd!

Digitized by Google

Nasreddin í gröfinni.

Eftir kenningu Múhameðstrúarmanna eiga tveir einglar að koma til grafar hvers dáins manns til þess að leggja fyrir hann spurníngar og reyna trú hans.

Einu sinni gekk Nasreddin framhjá kirkjugarði og kom þar auga á opna gröf nýgrafna. Hann lagðist þá niður í gröfina í von um að einglarnir kæmu, því hann lángaði til að vita hvernig þessu prófi væri varið.

Hann lá leingi í gröfinni án þess að nokkuð bæri til tíðinda. En loks heyrði hann hávaða, sem færðist nær og nær. Hann reis þá á fætur og gægðist upp. Í því bar þar að hóp af múlösnum. Þegar þær sáu manninn rísa upp úr gröfinni, fældust þeir og stukku sinn í hverja áttina. Rekstrarmennirnir voru rjett á eftir.

Hvern fjandann ertu að gera þarna! sögðu þeir, þegar þeir sáu Nasreddin skríða upp úr gröfinni og lá við sjálft að þeir ljetu svipurnar ríða á hann.

Jeg var dauður, en mig lángaði til að líta sem

Digitized by Google

snöggvast upp til ykkar á jörðina! svaraði Nasreddin og ætlaði að hræða þá.

Já, en við skulum nú venja þig af þesskonar leikjum, sögðu þeir og ljetu svipurnar dynja yfir hann þángað til hann lá þar eftir bólginn og blóðugur.

Nú hefurðu litast um á jörðunni! Skríddu nú ofan í gröfina aftur! sögðu þeir og geingu burt skellihlægjandi.

Þegar hann kom heim þótti konu hans hann illa útleikinn; hún starði á hann, skellti höndinni á lærið og sagði: Hvað geingur á, maður! Hvar hefurðu verið?

Jeg hef verið dauður og grafinn! svaraði Nasreddin.

Hún fór að verða forvitin. Hvernig er þá hinumegin? spurði hún.

Menn verða að varast að styggja asnana þar eins og hjer, svaraði Nasreddin.

Digitized by Google

Heilræði Nasreddins.

Einu sinni hafði Nasreddin keyft mikið af skálum, diskum og öðrum brothættum matarílátum. Hann ljet láta þau ofan í stóra körfu, kallaði síðan á burðarmann og bað hann að bera körfuna heim, en gæta þess að ekkert brotnaði. Nasreddin varð honum sjálfur samferða. Á leiðinni fór hann að hugsa um, hvernig hann ætti að komast hjá því að borga manninum flutninginn. Þegar hann hafði velt því máli fyrir sjer nokkra stund, mælti hann:

Heyrðu, burðarkarl, hvort kýst þú heldur peningaborgun fyrir flutninginn, eða þrjú dýrmæt heilræði?

Maðurinn hugsaði sig um, en hjelt að ekki væri mikið út úr Nasreddin að hafa. Láttu mig heyra fyrsta heilræðið! sagði hann loksins.

Burðarkarl, mælti Nasreddin, ef einhver reynir að telja þjer trú um að tómur magi sje betri en fullur magi, þá trúðu honum ekki!

Þetta þóttist nú maðurinn hafa vitað áður, en ljet það samt gott heita og spurði eftir næsta heilræðinu.

Digitized by Google

Þegar þú færð þjer nýa treyju, þá varastu að strjúka skegg þitt með fitugum fíngrum, svo að ekki komi blettir í kragann, mælti Nasreddin.

Maðurinn þóttist ekki heldur hafa þurft að sækja þessa visku til hans, en hjelt þó áfram með byrðina. Þegar þeir komu heim að húsdyrum Nasreddins, sagði hann: Nú kennari, láttu mig nú heyra þriðja heilræðið!

Já, nú kemur það, svaraði Nasreddin. Ef nokkur vogar að segja að heimskari burðarkarl sje til í Akschehir en þú, þá trúðu því ekki.

Nú skildi maðurinn hvað Nasreddin fór, sleingdi körfunni frá sjer í stóran stein, sem lá framan við húsið, og mælti:

Skólakennari! Ef nokkur vogar að segja þjer að einn einasti hlutur í körfunni sje óbrotinn, þá trúðu honum ekki!

Digitized by Google

Best öfugt.

Nasreddin fór stundum með lærisveina sína út á víðaváng til þess að sýna þeim náttúruna. Hann reið þá á asna sínum, en þeir hlupu á eftir. Oft notuðu þeir þá tækifærið til ýmiskonar glettnisbragða, löfðu í taglinu á asnanum, bundu einhverju í það o. s. frv.

Einusinni settist Nasreddin öfugur á bak, svo að andlitið sneri aftur. Þeir spurðu þá, hvað þetta ætti að þýða, en hann svaraði:

Ef jeg sný mjer rjett, þá sný eg að ykkur bakhlutanum; jeg held að það sje rjettast að snúa sjer öfugt við ykkur.

Digitized by Google

Hænsnin.

Skóladreingirnir í Akschehir voru auðvitað eins og skóladreingir gerast; þeir ljetu ekkert tækifæri ónotað til þess að beita kennarann einhverjum brögðum, en allt var það þó græskulaust frá þeirra hálfu við Nasreddin. Hann hafði líka oft lag á að snúa glettninni þannig, að þeir yrðu sjálfir fyrir slettunum.

Einu sinni stúngu þeir upp á því við hann, að hann skyldi koma með þeim í bað. Nasreddin var fús til þess.

Þegar þángað kom stúngu þeir upp á, að nú skyldu þeir fara í leik og reyna sig á móti kennaranum að finna upp á einhverju sem hann gæti ekki leikið eftir, eða hann upp á einhverju, sem þeir gætu ekki leikið eftir. Þeir sem töpuðu í leiknum áttu svo að borga böðin fyrir hina. Þeir feingu Nasreddin til þess að samþykkja þetta. En þegar það var feingið hlupu þeir allir upp á steinþrep í miðju baðhúsinu, tóku að skrækja þar og veina og köst-

Digitized by Google

uðu síðan frá sjer hver sínu eggi, sem þeir höfðu haft með sjer að heiman, því þar höfðu þeir búið sig undir leikinn. En nú sögðust þeir hafa verpt eggjunum.

Nasreddin hafði auðvitað ekki egg á sjer. Hann stökk þá upp á steininn til þeirra og gól þar eins og hani.

Þar sem svo margar verpandi hænur eru, þar hlýtur líka að vera einn hani, sem þá á sinn þátt í eggjunum, kallaði hann. Jeg hef unnið!

Digitized by Google

Svertínginn.

Meðal lærisveina Nasreddins var einn svertíngja-dreingur, Hamad að nafni.

Einu sinni hafði Nasreddin sett blekbletti í frakka sinn í skólanum og gat ekki náð þeim úr aftur. Kona hans spurði, hvernig á þessum blettum stæði, en Nasreddin vildi ekki játa, að óvarkárni sjálfs hans væri um að kenna og svaraði:

Hamad litli varð á eftir tímanum og kom löðrandi sveittur og hlaupandi í skólann. Hann gekk strax til mín og bað fyrirgefníngar á því, að hann varð of seinn, og þá hrundu þessir svörtu svitadropar af honum ofan á frakkann minn.

Digitized by Google

Lærði asninn.

Einu sinni strauk asni Nasreddins frá honum. Nasreddin þótti, sem von var, mikið fyrir að tapa asnanum og leitaði hans víða. Hann spurði hvern sem hann mætti, hvort hann hefði ekkert sjeð til asnans, en einginn gat gefið honum nokkra vísbendíngu. Loks mætti hann einum af kunníngjum sínum og spurði hann eins og aðra eftir asnanum.

Jeg hef ekki sjeð hann, svaraði maðurinn, en eg hef heyrt að hann sje orðinn skólakennari hjá Grikkjum.

Þetta getur meir en vel verið rjett, svaraði Nasreddin, því hann hefur alltaf hlustað á þegar jeg hef verið að kenna syni þínum.

Digitized by Google

Draumur.

Einu sinni dreymdi Nasreddin að til sín kæmi maður og ætlaði að gefa sjer 9 silfurpeninga.

Bættu einum við svo þeir verði tíu, þóttist Nasreddin segja í svefninum og rjetta fram höndina.

En í því vaknaði hann og fann þá að lófinn var tómur.

Hann lygndi þá augunum aftur, rjetti fram höndina og mælti:

Komdu þá með þessa níu! Lítið er betra en ekki neitt.

Digitized by Google

Efnisyfirlit.

	Bls.
Nasreddin verpir eggjum	5
Nasreddin og asninn	13
Nasreddin í vandræðum	15
Nasreddin flytur sig	16
Hjerasúpan	17
Nasreddin finnur forngripi	19
Frakkarnir	20
Nasreddin og kona hans	21
Kápan	28
Að ropa á tyrknesku	29
Máninn í Sivrí-Hissan	36
Nasreddin boðið í veislu	31
Nasreddin kemur fram vilja sínum	32
Nasreddin og túnglið	33
Gestrisnin í Konía	34
Nasreddin og gyðingurinn	36
Nasreddin á þakinu	43
Einginn gerir svo öllum líki	45
Nasreddin predikar	47
Nasreddin býður heim gestum	49
Nasreddin og blindu mennirnir	50
Vísdómur drottins	52
Heimsendir	53

Digitized by Google

Þakklæti Nasreddins 56
Rúmteppið 59
Kraftur bænarinnar 61
Vitnaleiðslan 63
Þvottasnærið 64
Stiginn 65
Andasúpa 66
Betlarinn 67
Nasreddin og Tímúrlenk 69
Nasreddin og múnkarnir 73
Nasreddin og dómarinn 81
Ketillinn 84
Næturgalinn 85
Skorni kálfurinn 86
Nasreddin frelsar nábúa sinn 87
Nasreddin í gröfinni 89
Heilræði Nasreddins 91
Best öfugt 93
Hænsnin 94
Svertínginn 96
Lærði asninn 97
Draumur 98

Digitized by Google

Digitized by Google

UNIV OF CALIF. LIBRARY, LOS ANGELES
Digitized by Google

UC SOUTHERN REGIONAL LIBRARY FACILITY
AA 000 009 408 6

Digitized by Google